


Samtök til eflingar skapandi tónlist

Árið 1965 var stofnaður félagsskapur í Chicago er nefndur var Samtök til eflingar skapandi tónlist og er þekktastur undir skammstöfuninni AACM.

ást Ásmundar Jónssonar fyrrum verslunarstjóra Laugavegsverslunarinnar á AACM mönnum.

undursamlega og hann og hann er oft magnaður hljóðfæraleikari hvort sem hann þræðir öngstræti milli troðinna slóða, eins og á In The Tradition, eða er frjáls sem fuglinn.



Jazz eftir Vernharð Linnet

meðal félaganna eitthundrað hafa verið Anthony Braxton og liðsmenn Art Ensemble of Chicago og Air. Tónlist AACM er enginn einn sérstakur djassskóli einsog margir hafa haldið.

með trompetleikaranum Lester Bowie og Congliptious (Nessa 2) með Art Ensemble saxistans Roscoe Mitchells. Skifur Bowies og Mitchells verða að teljast fyrstu skifur Art Ensemble of Chicago, þótt það nafn hafi ekki komið til fyrrenn síðar.

Braxton hefur samið mikið í evrópskum stíl og það hefur fyrsti forseti AACM, Muhal Richard Abrams, líka gert. Skifa hans Spihumonesty (Black Saint 0032) er samin í þessum frjála svartevrópska stíl, sem hæst hefur náð hjá þeim Abram & Braxton og Cecil Taylor & Cörlu Bley.



Muhal Richard Abrams

frændur allsráðandi og fellur mér það sist. Allt kemur þetta að sjálfsgöngu þessum Abrams.

fyrsta verkinu: Triverse, verður ekki spunið nema djassræturnar liggi djúpt. Abrams kann líka manna best skil á fortíðinni sbr. Maple Leaf Rag dúo þeirra Braxtons.


Black Paladius (Black Saint 0042) og aðra: The Magic Triangle (Black Saint 0038) þar sem góðvinur okkar pianistinn Don Pullen leysir Dyani af hólmi.

Ferskur straumur að norðan

Um mánaðamótin opnaði sýning á verkum Arnar Inga á Kjarvalsstöðum. Þetta er önnur einkasýning listamannsins í Reykjavík, en Orn Ingi er búsettur á Akureyri, þar sem hann hefur sýnt reglulega, allt frá

við ljóðræna og jafnvel nokkuð rómantíska landslagsmálun. Nú hefur hann lagt pensilinn á hilluna og horfið frá málverkinu til myndverksins.

ingu. Reyndar gerir hann sér vel grein fyrir mikilvægi handbragðsins, því segja má að verkin standi og falli með því. Þau eru greinilega conceptuels eðlis og gætu því hæglega flokkast undir hugmyndaflöð eða nýlist. Þó er greinilegur munur á myndverkum Arnar Inga og þeirri hugmyndaflöð sem Reykvikingar hafa átt að venjast hingað til.



Inga, sem færa þau nær þeim anga popp-listar, sem lýtur að þjóðfélagslegri skirskotun. Má í þessu sambandi benda á Caleforniu-manninn Edward Kienholz, sem eins og Orn Ingi er sérstæður, ekki einungis sem myndlistarmaður heldur og vegna landfræðilegrar búsetu.

Orn Ingi er þó langt frá því að vera jafn bitur og Kienholz. Myndir hans eru miklu fremur göblátlegt grin, í mesta lagi háðskar. Ef satt skal segja, dettur manni í hug Bruegel og sérstæður mannerismi hans, þegar litíð er á sumar myndir Arnar. Það örklar ekki á neinum sterkum síðabóðskap, þótt síður og háttur samtíðarinnar sé listamanninum hugleikinn.

Sýning Arnar Inga sannar ótvírætt, að sérstæð og athyglisverð list dafnar nú fyrir norðan og mættu Reykvikingar líta ögn upp úr eigin naflaskoðun, til að mættaka strauða annars staðar frá.



Myndlist eftir Halldór Björn Runólfsson

1973. Þá hefur hann tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og kynnt list sína um landið vítt og breitt. Það sem einkennir þessa sýningu fyrst og fremst, er sú grundvallarþröð sem orðin er á listsköpun Arnar Inga. Það er ekki tæknin einungis, sem er önnur, heldur hugmyndin sem liggur að baki hverju verki. Fyrri verk Arnar voru bundin

myndir og smáhlutir áberandi. Flest verkin hanga á veggjum sem myndir, en nokkur eru fristandandi og eru því mörkin milli skulptúrs og veggmyndar næsta óglögg. Öll samsetning verkanna er mjög fagmannleg. Yfir þeim er fagaður blár handverksmanns, jafnvel munaður, því Orn Ingi sparar ekki við sig efniskostnað til að tryggja skýra framsetningu.

Þessi munur byggist á ólíkum grundvallarforstöndum. Hugmyndaflöð eða concept-list hverfist um sjálfa sig og hugtök þau sem lúta að list. Orn Ingi beinir hugmyndum sínum út fyrir hugtakið „list“, í flestum tilfellum og skapar þeim þjóðfélagslega umgjörð. Verk hans miða ekki að því að vikka út mengi sjónlistar, heldur breyta bókmenntalegum upplýsingum í myndmál. Þau nálgast það að vera myndgerðar dæmisögur, jafnvel táknmyndir eða allegoríur, sem lesa má úr með því að

Manneskjur á bak við skeljar

Alþýðuleikhúsið sýnir Elsaðu mig eftir Vitu Andersen í þýðingu Úlfs Hjörvar. Áð sýningunni standa: Arnar Jónsson, Bjarni Ingvarsson, Dóra Einarsdóttir, Eggert Þorleifsson, Grétar Reynisson, Sigrún Valbergisdóttir og Tinna Gunnlaugsdóttir. Það er ekki ýkja langt síðan

uppeldisins á konur og gagnrýnir jafnt foreldra sem stofnanir í þeim efnunum. Persónur hennar eru oft klofnar, hafa myndað um sig harða skel sem virðist þola mótlætið en undir skelinni kraumar manneskjan, órugg, óhamingjusöm í þjáningum sínum. Leikritið Elsaðu mig er að

verður uppgjör, kröftugt, miskunnarlaus og eyðileggjandi. Þau Maj og Tom hafa innst inni mikla þörf fyrir útrás tilfinninga sinna og eru í raun að beiddast hins sama, Elsaðu mig! En þau eru einnig allsendis ófær um að leiða tilfinningar sínar á þá braut og þar koma til hin hefðarhelguðu hlutverk sem þau hafa verið alin upp til að leika. Hún er þruguð af oki því sem vikublöðin og hugmyndaheimur þeirra leggur á hana. Hann er fastur í rullu hins sterka karlmanns sem aldrei lætur troða á sér. Adeila Vitu Andersen er sterk og það er mjög greinilegt að hún leggur sig í líma við að skilja og skilgreina tilfinningar sinna skjólstaðinga, jafnt hans sem hennar.



Tinna og Arnar — tókst oft á tímum stórvél upp og þá komu hinar tviskiptu persónur vel fram, segir Sigurður m.a. í umsjón sinni um sýningu Alþýðuleikhússins á verki Vitu Andersen, Elsaðu mig, sem hann segir þó ekki hafa tekist að skapa rétta umgjörð.



Leiklist eftir Sigurður Svavarsson

danska skáldkonan Vita Andersen kvaddi sér fyrst hljóðs með ljóðabókinni Trygghedsnarkomaner (ísl. í klóm öryggisins, Lystræninginn 1979). Þessi bók vakti strax verðskuldaða athygli og höfundurinn fylgdi vinsældunum eftir með stórmerku smásagnasafni Hold kæft og vær smuk. Síðan hefur hún gefið út tvær ljóðabækur jafnframt því sem hún skrifaði leikritið Elsaðu mig. Það sem einkennir verk Vitu fyrst og fremst er hreinskilni og hispursleysi, lýsingarnar eru um búðalausar og beinskeyttar. Verkin fjalla um konur og þá öðrugleika sem þær eiga við að glíma kynferðis sins vegna. Vita skrifar mjög greinilega út frá eigin reynsu og umfjöllun hennar er einkar trúverðug. Hún gerir mikið úr áhrifum

flestu leyti beint framhald af sögum og ljóðum höfundar, og kallaði reyndar fram ákveðið atriði úr þeim. Í verkinu er greint frá tveimur persónum, þeim Maj og Tom. Í fyrri hlutanum segja þau sögu sína hvort í sínu lagi, greina frá æsku og uppvexti, væntingum og vonbrigðum. Þessi sundurtætta og brotakenna frásögn miðar öll að því að sýna hægfara myndun skeljarinnar sem einstaklingarnir að lokum skýla sér á bak við. Þegar þau hittast síðan fyrst í einrúmi eru skeljarnar pottþéttar og viðkyrning þeirra því fólks. En hin eiginlega skapgerð og heftar tilfinningar brjóstast út um leið og þau Maj og Tom eru ekki lengur úti á hinum frjálsa mannveru-markaði heklur kominn í sambýli sem krefst annarra gilda. Þá

Það er alveg ljóst að Vita nær í þessu verki að segja meiningu sína, en hins vegar nýtir hún möguleika leikhússins lítið. Elsaðu mig er sem leikhúsværk harla frumstætt, fremur útvarpsleikrit en sviðsværk. Uppsetning Alþýðuleikhússins líður fyrir þetta sem eðlilegt er. Þeim hefur ekki tekist að skapa frásögninni þá umgerð sem hún e.t.v. þarf nast. Þó kemur ágætlega út að láta tóna klarinettsins magna upp þau átök sem textinn felur í sér. Á stundum voru þó tónar þeir sem Eggert kreisti úr hljóðfærinu beinlínis óberilegir hljóðhimnum m í m. m. Þau Tinna Gunnlaugsdóttir og

Arnar Jónsson leika þau Maj og Tom. Þeim tókst oft á tímum stórvél upp og þá komu hinar tviskiptu persónur vel fram. t.a.m. í atriðinu á veitingastaðnum. Tinnu gekk þetta þó sýnu betur. Átökin innra með Maj komu greinilega fram, hún var oft áttanleg í einsemd sinni en jafnframt styrk í uppreisninni. Arnari gekk ekki eins vel að tengja milli uppvaxtar sögunnar og hins mótaða fullorðna Toms. Þá var hann einnig óruggari en maður á að venjast frá hans hendi. Eg hafði ánægju af þessari sýningu. Hins vegar kann þar að spila inni að undanfarni ár hef ég verið handgenginn verkum

Vitu og hafið hana yfir alla gagnrýni. Fyrir þá sem ekkert þekka til verka Vita á ég ekki annað ráð en að þeir gangi henni einnig á hönd; sýning Alþýðuleikhússins gefur góða mynd af henni, og höfundareinkennum hennar.

P.S. Sá sem þetta ham raði á ritvél var svo dheppinn að lenda í heldur laslegu sæti í Hafnarbíoí (eflaust hefur það ekki skánað við það) og svo var um fleiri. Það getur hreinlega skemmt kvöldið fyrir leikhúsgestum að þurfa að veita drjúgum hluta einbeitingarinnar í að tolla í sligudu sæti og því væri hollráð að senda þá laghentustu í hópnum til að lappa upp á verst förnur stólana.